

48 á i framanskráðum tillögum sýslunefndarinnar, og jafnframt falið honum að
14. apríl annast um framkvæmdir á þeim.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir framkvæmdarstjóra O. Myklestad.

Samþykkt

fyrir

Strandasýslu um kynbætur hesta.

49 Sýslunefndin í Strandasýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um
5. apríl samþykktir um kynbætur hesta, og viðaukalögum 20. desbr. 1901 við nefnd lög, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta:

1. gr.

Nefnd þriggja manna skal vera í hreppi hverjum, er hefir á hendi eptirlit með kynbótum hesta samkvæmt því, sem ákveðið er í gildandi lögum um það efni og í samþykkt þessari. Skulu hreppstjórar á hausthreppaskilum ár hvert láta kjósa í nefnd þessa. Kjörgengir í nefndina eru allir karlmenn í hreppnum, 20 ára og eldri, en kosningarrjett hafa þeir aðeins, er þann rjett hafa eptir sveitarstjórnarlögnum. Kosning hvers nefndarmanns helzt frá næsta nýári á eptir og er til 3 ára, þó þannig að af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, gengur einn úr nefndinni að ári liðnu og annar eptir 2 ár, að viðhöfðu hlutkesti. Sá sem gegnt hefir nefndarstörfum í 3 ár samfleytt, er ekki skyldur að taka við endurkosningu fyr en eptir eitt ár.

2. gr.

Kynbótanefndin kýs formann úr sínum flokki. Hann boðar nefndina á fund, að minnsta kosti tvisvar á ári, vor og haust, og stjórnar fundum og framkvæmdum nefndarinnar. Að öðru leyti skipta nefndarmenn verkum með sjer eptir samkomulagi. Hreppssjóður leggur nefndinni til gjörðabók, og skal í hana rita fundargjörðir og skýrslur um árlegar framkvæmdir nefndarinnar. Skýrsluna undirritaða af öllum nefndarmönnum, sendir formaður sýslunefndinni fyrir hver árslok.

3. gr.

Kynbótanefndin sjer um, að graðhestar nægilega margir sjeu til handa hreppnum, hæfilegir til undaneldis.

4. gr.

Við val á graðhestum til undaneldis skal þess gætt, sem hjer segir :

1. að þeir sjeu af sem allra beztu kyni, sem kostur er á, í báðar ættir, og ekki getnir af náskyldum foreldrum t. d. mæðginum eða systkinum.
2. að þeir sjeu fríðir, gjörfulegir, vel vaxnir og sem líkastir foreldrunum.

3. að þeir sjeu einlitir, þó ekki hvítir.
4. að þeir sjeu rjetthæfðir og dökkhæfðir.
5. að þeir hafi þjettvaxin og sem jöfnust eistu að stærð, er komið hafi jafnsnemma niður.
6. að þeir sjeu vel eygðir, ekki hringeygðir nje glaseygðir og ekki náttblindir og
7. að þeir sjeu vel uppaldir, helzt dilkar, sem folaldsárið hafi gengið undir merum, sem lítið eða ekkert voru brúkaðar.

Hestamæður til undaneldis skulu, að sínu leyti, fullnægja sem bezt þeim kröfum, sem gjörðar eru hjer til graðbesta og skal sjerstaklega leggja áherzlu á, að þær sjeu viljugar eða af viljugu kyni.

Þær sjeu á aldrinum frá 4 til 15 vetra.

5. gr.

Kynbótahesta má nota til undaneldis á aldrinum 3—12 vetra. Þeir skulu ávallt vera vel haldnir og alls ekki brúkaðir um það leyti, sem leitt er undir þá.

6. gr.

Á hausti hverju, á tímabilinu frá leitum til veturnótta skal kynbótanefndin velja graðhesta til undaneldis fyrir næsta ár og er graðfolaeigendum skylt að færa folana á þá staði, sem nefndin tiltekur, til þess hún geti valið úr þeim. Eigendur þeirra fola, sem nefndin velur til kynbóta, eru skyldir til að hafa þá ógelta og ljá þá til undaneldis til loka júnimánaðar það ár, sem þeir eru 5 vetra, nema þeir vilji selja þá, og hafa þá hlutaðeigandi hreppar rjett til að fá þá keypta við því verði, sem hæzt býðst fyrir þá. Kynbótahestar, sem hætt er að nota til undaneldis, skulu geltir fyrir sumarmál.

7. gr.

Kynbótanefndin skal hafa sjerstaklega gætur á hestum þeim, er sakir skapnaðarlags eigi hafa orðið geltir á lögakveðnum tíma (laungraðir hestar), að þeir eigi fylji og láta vana þá, þegar er eista kemur niður í þeim svo í það náist.

8. gr.

Kynbótanefndin sjer um að kynbótahestar sjeu á sem hentugustum stöðum til notkunar fyrir hreppsþúa á tímabilinu frá 10. maímán. til 30. júním., og er hlutaðeigandi hreppsnefnd skylt að vera henni liðsinnandi með útvegum sumarhaga handa þeim og nauðsynlega gæzlu þeirra. Enginn landeigandi getur skorazt undan að leyfa sumargöngu fyrir kynbótahesta í landi sínu gegn sanngjörnu endurgjaldi, er greiðist úr sveitarsjóði, ef þar að álitu kynbótarnefndar og hreppsnefnda er hentugri staður en annarsstaðar er kostur á. Rísi ágreiningur milli landeiganda og hreppsnefndar út af borgun fyrir hagagönguna og átroðning, er af henni hefir leitt, má skjóta því máli til sýslunefndarinnar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

9. gr.

Eigendur kynbótahesta fá 3 krónu toll fyrir hverja hryssa, er við folan-

49 um fær, ef þess er krafizt, og innheimtir hreppsnefndin tollinn hjá eigendum 5. apríl hryssnanna.

10. gr.

Kynbótanefndir skulu hver í sínu umdæmi safna skýrslum um ætterni hrossa þeirra, sem þar eru, og aukið geta kyn sitt, skrásetja þær og halda síðan áfram ættartöflum hrossanna samkvæmt fyrirmynd, er þær fá frá sýslunefndinni. Nefndin heldur fyrir töflurnar sjerstaka ættartölubók, er hrepps-sjóður kostar.

11. gr.

Heimilt er að greiða úr sveitarsjóði þóknun til kynbótanefndarinnar, ef hún krefst þess, og hreppsnefnd eða sýslunefnd álitur störf hennar þess verð.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 50 krónum, og fellur helmingur þeirra til uppljóstrarmanns, en hinn helmingurinn til sveitarsjóðs, þar sem brotið er framið.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem opinber lögreglumál.

Ákvörðun um stundarsakir.

Svo fljótt sem unnt er, eptir að samþykkt þessi er komin í gildi, skal kjósa *kynbótanefndir í fyrsta sinni* á almennum hreppsfundum í öllum hreppum sýslunnar, er þegar taki til starfa, og gildi kosning þeirra til ársloka 1904.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest af undirrituðum amtmanni, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1904, og kunngjöríst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Vesturamtið, Reykjavík 5. apríl 1904.

J. Havsteen.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Ræktunarsjóðs Íslands 1903.

50

Tekjur:

1. Höfuðstóll 31. desbr. 1902

| | | | | |
|--|-----|--------------|-----------|---------------------------|
| 4 ⁰ / ₀ þjóðjarðasölulán | kr. | 51210 | 65 | |
| önnur lán | — | 41257 | 13 | |
| 3 ¹ / ₂ ⁰ / ₀ tóvjelalán | — | 13354 | 32 | |
| 3 ⁰ / ₀ jarðabótalán hreppa | — | 33525 | 00 | |
| Í sjóði: viðskiptabók Landsb. kr. 13327 | | 45 | | |
| ógoldnir vextir 4476+30 | — | 74 | 76 | |
| | | <u>13402</u> | <u>21</u> | kr. 152749 31 |
| | | | | Flyt kr. <u>152749 31</u> |